

Í vinnslu – 20. október 2022.

september 2022 12. september 2022

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (afbrotavarnir og vopnaburður).

Frá dómsmálaráðherra.

1. gr.

B-liður 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: að starfrækja lögreglurannsóknar- og greiningardeild sem hefur það hlutverk að koma í veg fyrir og rannsaka landráð og brot gegn stjórnískipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Deildin hefur jafnframt það hlutverk að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi auk þess að stinna upplýsingaöflun og greiningum í þágu afbrotavarna á landsvísu, m.a. með rekstri miðlægs gagnagrunns.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi: Löggreglustjóri getur gefið fyrirmæli um að löggreglumenn skuli vopnast í samræmi við reglur sem settar eru skv. 3. mgr.

Ráðherra setur nánari reglur um valdbeitingu löggreglumannna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna hjá lögreglu.

Ríkislöggreglustjóri setur verklagsreglur og leiðbeiningar um nauðsynlegar áætlunar löggreglulaða varðandi viðbúnað með vopnum.

3. gr.

Á eftir 15. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 15. gr. a og 15. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (15. gr. a.)

Aðgerðir i þágu afbrotavarna.

Lögreglu er heimilt, í því skyni að stemma stigu við afbrotum, að nýta, svo sem til greiningar, allar þær upplýsingar sem hún býr yfir eða aflar við framkvæmd almennra löggæslustarfa og frumkvæðisverkefna, þar á meðal samskipti við uppljóstrara, eftirlit á almannafæri og vöktun vefsíðna sem opnar eru almenningi.

Hafi lögregla upplýsingar um að tiltekinn einstaklingur eða hópur einstaklinga hafi tengsl við skipulögð brotasamtök eða af þeim kunni að stafa ségreind hætta fyrir almannanöryggi er löggreglu heimilt að hafa eftirlit með viðkomandi. Auk þess að afla upplýsinga um viðkomandi skv. 1. mgr. getur lögregla fylgst með ferðum hans á almannafæri eða öðrum stöðum sem almenningur á aðgang að. Ákvörðun um að viðhafa eftirlit með einstaklingum verður aðeins tekin af löggreglustjóra eða öðrum yfirmanni samkvæmt ákvörðun löggreglustjóra. Eftirlit skal ekki viðhaft lengur en nauðsynlegt er og leiði eftirlit til gruns um afbrot skal rannsókn fara fram samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Commented [BJ1]: Tel að fullt tilefni sé til þess að binda þetta ekki einvörðungu við stjórnvöld, heldur æðstu handhafa ríkisvalds og stjórnsvýslu. Með því að styðjast við slikt orðalag myndu falla þar undir starfsemi Alþingis, dómsstóla og sveitarfélaga. Að minu mati er það rökréttara.

Commented [BJ2]: Tel að binda þetta við eftirlit sé of takmarkað. Tel að þetta þurfir ekki síður að taka til upplýsinga- og gagnaöflunar. Sjá næstu athugasemd/ábendingu mina.

september 2022 12. september 2022

Lögreglu er heimilt að afla upplýsinga, þar á meðal persónuupplýsinga, hjá öðrum stjórnvöldum og stofnunum ef upplýsingarnar eru nauðsynlegar og til þess fallnar að hafa verulega þýðingu fyrir störf hennar í tengslum við rannsókn á brotum gegn X. og XI. kafla almennra hegningarárlaga, nr. 19/1940, eða til að afstýra slíkum brotum. Viðkomandi stjórnvaldi eða stofnun er skylt að verða við beiðni samkvæmt ákvæði þessu.

Auk eftirlits skv. 2. mgr. er lögreglu heimilt að leggja hand á muni í eigu eða vörlum annars aðila en sætir eftirliti eða beina því til eiganda eða vörsluhafa að veita aðgang að mun eða láta í té upplýsingar sem hann hefur að geyma, svo sem með því að afhenda afrit af skjali eða annars konar upplýsingum. Skilyrði fyrir halldagningu eru að hún sé nauðsynleg og líkleg til að veita lögreglu upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir aðgerðir til að koma í veg fyrir brot gegn X. eða XI. kafla almennra hegningarárlaga, nr. 19/1940, og að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess. Halldagning skal ákvæðin með úrskurði dómara og fer um málsmeðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Leiði halldagning til gruns um afbrot skal rannsókn fara fram samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Að öðrum kosti skal aftéttu haldi þegar þess er ekki lengur þörf og hlutast til um að skila munum til þess sem rétt á til þeirra.

b. (15. gr. b.)

Eftirlit með aðgerðum og nánari útfærsla þeirra

Sé eftirliti skv. 2. mgr. 15. gr. a hætt án þess að grunur sé um afbrot skal lögregla tilkynna nefnd um eftirlit með lögreglu um aðgerðina eins fljótt og unnt er, þó eigi síðar en 30 dögum eftir að eftirliti er hætt. Með sama hætti skal lögregla tilkynna nefndinni um framlagða beiðni um halldagningu skv. 4. mgr. 15. gr. a. Tilkynningu skulu fylgja upplýsingar og rökstuðningur fyrir aðgerðinni.

Telji nefndin tilefni til er henni heimilt að taka aðgerð til skoðunar á grundvelli c-liðar 1. mgr. 35. gr. a. Fer þá um meðferð málsins samkvæmt ákvæðum VII. kafla eftir því sem við á. Sé afstaða nefndarinnar að aðgerðir lögreglu hafi ekki uppfyllt skilyrði laga þessara getur nefndin beint því til lögreglustjóra að tilkynna viðkomandi að hann hafi sett eftirliti. Er lögreglustjóra skylt að verða við slíkum tilmálum. Vakni grunur um refsiverða háttsemi skal nefndin át afar senda héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara málið til meðferðar.

Ráðherra skal, að höfðu samráði við lögregluráð, setja nánari reglur um aðgerðir í þágu afbrotavarma, þar á meðal um tilhögun þeirra og framkvæmd. Ráðherra skal jafnframt setja nánari reglur um eftirlit með aðgerðum og skráningu þeirra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Tildróg þess má rekja til frumkvæðis dómsmálaráðherra um að ráðast í endurskoðun á ákvæði 15. gr. laganna varðandi aðgerðir til að afstýra brotum eða stöðva þau. Markmið endurskoðunarinnar er að skýra heimildir lögreglu til að gripa til aðgerða í þágu afbrotavarma, einkum hvað varðar afbrot eða athafnir sem raskað geta öryggi borgaranna og ríkisins, afbrot sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi og afbrot sem framin eru á netinu.

Commented [BJ3]: Samkvæmt orðanna hljóðan verður ekki unnt að beita halldagningu vegna skipulagðrar brotastarfsemi nema hún tengist brotum gegn X. og XI. kafla hgl. Áréttu að ég myndi vilja sjá þetta opnara og tengjast frumbrötum skipulagðrar brotastarfsemi, sem iðulega eru fíkniefnalagbrot, mansal og vændi. Nefndi enn fremur þegar um ræðir kynferðisbrotamenn gegn bómum. Höfum engin úrræði að lögum til þess að fylgjast með þeim og/eða afla upplýsinga eða gagna um þá, t.d. í framhaldi af ábendingu frá erlendri systurstofnum. Man eftir dæmi um einstakling [REDACTED]

Lögregla hafði engin úrræði að lögum til að afla upplýsinga um fjármál hans eða nokkuð sílkt, gagngert í því skyni að skoða hvort fjármálaumsvíf viðkomandi gæfu til kynna tengsl við starfsemi er tengdist barnakláms eða þess háttar. Velti enn fremur fyrir mér netbrotum, en þau tengjast ekki ákvæðum kafla í hgl.

3 í vinnslu – 20. október 2022

september 2022 12. september 2022

Löggæsla nú á tíðum snýr ekki síður að frumkvæðisvinnu í formi upplýsingaöflunar og greiningar upplýsinga. Breytt afbrotaminstur og útbreiðsla skipulagðrar brotastarfsemi á milli landa krefst þess að löggæsluyfirlöld geti brugðist við og gripið til aðgerða áður en einstök brot eru framin. Með frumvarpi þessu er því lögð aukin áhersla á mikilvægi þess að löggregla geti gripið fyrir inn í atburðarás og þannig fyrirbyggt að framin séu alvarleg afbrot.

Jafnframt er í frumvarpinu kveðið á um meðferð vopna hjá löggreglu, en ákvæði þess efnis hafa fram til þessa aðeins verið að finna í reglugerð á grundvelli vopnalaga.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

2.1. Almennt um afbrotavarnir.

Í löggreglulgum er ekki að finna mörg ákvæði sem kveða beinlínis á um heimildir löggreglu til aðgerða eða upplýsingaöflunar í þágu afbrotavarna. Þó er talið að leiða megi af einstökum ákvæðum laganna tilteknar heimildir sem nauðsynlegar eru til að löggregla geti sinnt lögþundnu hlutverki sínu á þessu sviði. Verður því að meta hverju sinni hversu langt slíkar heimildir ná og vegast þar a sjónarmið um nauðsyn þess að löggregla geti rækta starf sitt með fullnægjandi hætti og sjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 1. gr. laganna er það hlutverk löggreglu að gæta almannaoryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögsmæta starfsemi. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að löggreglulgum er efni ákvæðisins skýrt nánar með þeim hætti að í þessari almennu skyldu löggreglu felist einnig gæsla öryggis einstakra borgara, ef því er að skipta (451. mál á 120. löggiðarfingi). Í b-lið sömu málsgreinar er kveðið á um það hlutverk löggreglu að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins. Í athugasemdum við ákvæðið í fyrrgreindu frumvarpi kemur fram að átt sé fyrst og fremst við skyldu löggreglu til afskipta þar sem brot kunna að vera yfirvofandi. Opið orðalag þess gefur því talsvert rými til túlkunar.

Ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 1. gr. laganna fela í sér öryggis- og afbrotavarnahlutverk löggreglu. Heimildir löggreglu til aðgerða í þágu þess grundvallast á ákvæðum löggreglulaga frekar en sakamálalaga, þ.e. í þeim tilvikum þegar ekki er fyrir hendi grunur um afbrot eða tilraun til afbrots. Þessar heimildir eru nánar útfærðar í 15. gr. laganna um aðgerðir í þágu almannafriðar, allsherjarreglu o.fl. þar sem hið svonefnda allsherjarumboð löggreglu er lögfest. Með því er átt við það sem áður var talin óskráð regla um að löggregla hafi almenna venju-myndaða heimild innan vissra marka til að gripa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að halda uppi lögum og reglu í landinu. Í 1. mgr. 15. gr. segir að löggreglu sé heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau. Hvað átt er við með því að „hafa afskipti“ er að vissu leyti nánar skilgreint í 2. mgr. sömu greinar þar sem talðar eru upp ýmsar aðgerðir sem löggreglu er heimilt að gripa til í þessu skyni og varða þær allar bein afskipti af borgurunum. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu sem varð að lögnum er sérstaklega tiltekið að upptalningin sé ekki tæmandi heldur sé miðað fyrst og fremst að því að tiltaka þær aðstæður og aðgerðir sem eru langalgengastar. Ætlunin var því hvorki að þrengja né rýmka umrætt allsherjarumboð löggreglu heldur aðeins að taka af allan vafa um lögmæti tiltekinna afskipta löggreglu.

Ákvæði 15. gr. tiltaka hins vegar ekki þau óbeinu afskipti af borgurunum sem engu að síður er talið að rúmist innan allsherjarumboðsins og snýr að afbrotavörnum. Hér er m.a. verið að vísa til eftirlits löggreglu á opinberum stöðum, t.d. þar sem aukin hætta er á afbrotum. Slíkt

Commented [BJ4]: Að minu mati vantar heildstæða umfjöllun í frumvarpið um hvernig ákvæði 1. og 2. mgr. 15. gr. löggreglulaga hafi verið túlkud í framlvæmd af íslenskum dómkólum og umboðsmanni Alþingis með hliðsjón af lögmætisreglunni, t.d. til hvaða aðgerða löggreglu sé heimilt að gripa til vegna afskipta af borgunum til þess að: tryggja almannafrið og allsherjarreglu (sjá Hrd. 28. maí 2015 í málum nr. 812/2014 til 820/2014 og álit umboðsmanns Alþingis i málum nr. 2824/1999 og 2836/1999), tryggja velferð fólkis (sjá Hrd. 9. október 2014 í mál nr. 311/2014 og Hrd. 31. október 2013 í mál nr. 201/2013), fara inn á svæði í einkaeign (sjá Hrd. 7. febrúar 2013 í mál nr. 445/2012).

stöðva starfsemi til skamms tíma (sjá álit umboðsmanns Alþingis í mál nr. 6259/2010 og álit umboðsmanns Alþingis í málum nr. 2824/1999 og 2836/1999).

eftirlit getur falið í sér öflun upplýsinga um mannaferðir og aðrar sambærilegar aðgerðir sem kunna að rjúfa friðhelgi einkalífs þeirra sem þær beinast að.

Mikilvægt er að lögregla geti framkvæmt ofangreindar aðgerðir án nokkurs vafa um lög-mæti þeirra. Í því sambandi ber einnig að hafa í huga að gera verður skýran greinarmun á þeim aðgerðum sem lögreglu er heimilt að grípa til á grundvelli löggreglulaga og þeirra rannsóknar-aðgerða sem heimildar eru á grundvelli sakamálalaga. Um getur verið að ræða afar sambærilegar aðgerðir, en skilyrði fyrir beitingu þeirra hins vegar verið misjöfn eftir því hvorum lögum um þær byggjast á. Eðlilegt er að sá greinarmunur komi skýrt fram í viðkomandi lögum, enda um íþyngjandi aðgerðir gagnvart borgurunum að ræða.

2.2. Afbrotvarnir í þágu öryggis ríkisins.

Frumvarpi þessu er ætlað að skýra og styrkja heimildir lögreglu til að viðhafa aðgerðir í þágu afbrotavarna. Með aðgerðum er einna helst átt við heimild lögreglu til að safna og vinna upplýsingar í afbrotavarnarskyni og að viðhafa tiltekið eftirlit með fólk og stöðum til að koma í veg fyrir afbrot. Frumvarpið hefur fyrst og fremst áhrif á getu lögreglu til að viðhafa aðgerðir í þágu almennra afbrotavarna en varðar þó einnig heimildir lögreglu til að koma í veg fyrir brot sem ógna öryggi ríkisins. Löggæsluyfirvöld hér á landi hafa alla tíð starfað í öðru umhverfi á sviði afbrotavarna samanborið við yfirvöld í nágrannalöndum, einkum að því er varðar öryggi ríkisins. Alls staðar annars staðar á Norðurlöndum starfa t.d. sérstakar stofnunar innan lögreglu sem hafa það hlutverk að koma í veg fyrir brot sem geta raskað öryggi ríkisins, þar á meðal njósnir, hryðjuverk og alvarleg brot sem framin eru í tengslum við skipulagða brotastarfsemi. Til að fá skýra mynd af slíkum samanburði er rétt að gera nánari grein fyrir lagamhverfinu hér á landi sem og viðkomandi stofnunum í Danmörku og Noregi.

2.2.1. Greiningardeild ríkislöggreglustjóra.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. löggreglulaga, nr. 90/1996, er ríkislöggreglustjóra falið að starfseksjóna löggreglurannsóknardeilda og greiningardeilda sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, auk þess að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Hlutverk deildarinnar er þannig tvíbætt, þ.e. annars vegar að rannsaka brot gegn X. og XI. kafla almennum hegningarlaga, nr. 19/1940, á grundvelli sakamálalaga og hins vegar að framkvæma áhættumat vegna hryðjuverkaógnar, skipulagðor glæpastarfsemi eða annars sem getur ógnað öryggi ríkisins. Í athugasemnum við ákvæði í frumvarpi því er varð að lögum nr. 46/2006, um breytingu á löggreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í heraði, segir að mikilvægt sé að lög-reglan, sem geynir því hlutverki að gæta öryggi ríkisins og borgara þess, aðli og vinni úr upplýsingum og greini hættu sem tengist fíkniefnabrotum, skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum eða öðru varðandi öryggi ríkisins (520. mál á 132, löggjafarþingi). Þá segir að um rannsóknaraðferðir og starfsheimildir greiningardeilda fari samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Eðli máls samkvæmt taka ákvæði þeirra laga aðeins til þess hlutverks deildarinnar er lýtur að rannsókn brota gegn framangreindum köflum hegningarlaga. Þar sem löginn mæla ekki nánar fyrir um hlutverk deildarinnar á sviði áhættugreiningar eða afbrotavarna eða hverjar heimildir hennar til aðgerða og upplýsingasöfnunar í því skyni eru verður að telja að þær leiði af ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr. auk hinna almennu ákvæða a- og b-liðar 2. mgr. 1. gr. laganna um hlutverk löggreglu, einkum því að koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins.

Á grundvelli 3. mgr. 5. gr. laganna var árið 2007 sett reglugerð nr. 404/2007 um greiningardeild ríkislögreglustjóra þar sem skipulag, hlutverk og verkefni hennar eru skilgreind og nánar útfærð. Í umraðdu ákvæði laganna er hing vegar ekki að finna sérstaka umfjöllun um starfsemi deildarinnar og afmarkar ákvæðið þar af leiðandi ekki efnislegt gildissvið reglugerðarinnar umfram það sem fram kemur í b-lið 2. mgr. 5. gr. laganna. Að því er varðar heimildir deildarinnar til upplýsingaöflunar eiga ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar við, en í a-lið 2. mgr. þeirrar greinar er mælt fyrir um söfnun upplýsinga, úrvinnslu, greiningu og skipti á upplýsingum í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á afbrotum. Þá er í d-lið kveðið á um að deildin annist áhættugreiningu vegna einstaklinga og afli upplýsinga vegna verndar og öryggisgæslu fyrir æstu stjórn ríkisins. Telja verður að ákvæðin sækji efnislega lagastoð sína fyrst og fremst til a- og b-liðar 2. mgr. 1. gr. laganna auk b-liðar 2. mgr. og 3. mgr. 5. gr. að því er snertir starfsemi deildarinnar almennt. Samkvæmt meginreglum laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi er lögreglu heimilt að safna og vinna persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla lögbundið öryggishlutverk sitt. Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar eru því einu reglubundnu viðmiðin um nánara umfang slíkrar upplýsingaöflunar.

Af þessu má ráða að heimildir löggreglu til aðgerða í þágu afbrotavarna í því skyni að gæta öryggis ríkisins eru að öllu leyti almennar og ekki er til að dreifa sérstökum heimildum sem veita skýra lagastoð fyrir tilteknum aðgerðum eða upplýsingaöflun. Það leiðir til þess að túlka verður hverju sinni hvort tiltekin aðgerð rúmist innan hinnar almennu heimildar laganna. Þrátt fyrir að framkvæmd geti skapað venju og þar með afmarkað heimildir verður að telja að slíkt fyrirkomulag sé almennt til þess fallið draga úr fyrirsjáanleika og gagnsæi, auk þess sem almennt orðaðar heimildir geta skapað óvissu hjá þeim sem falið er að beita þeim.

2.2.2. Danmörk.

Í Danmörku er starfrækt sérstök öryggisstofnun dönsku löggreglunnar, Politiets Efterretningstjeneste (PET) sem geynir hlutverki öryggisþjónustu auk þess að vera skilgreint öryggisstjórnvald. Árið 2014 voru sett heildstæð lög um starfsemi PET, en samkvæmt þeim er hlutverk stofnunarinnar m.a. að koma í veg fyrir og rannsaka brot gegn öryggi ríkisins, auk þess sem stofnunin framkvæmir ýmis áhættumöt. Efni laganna lýtur örðru fremur að heimildum PET til upplýsingaöflunar, frumkvæðisathugana og rannsókna, vinnslu og miðlun þeirra upplýsinga sem er aflað, auk þess sem kveðið er að um eftirlit með starfsemi stofnunarinnar.

Í 3. gr. laganna er mælt fyrir um að PET sé heimilt að afla þeirra upplýsinga sem kunna að vera mikilvægar fyrir starfsemi stofnunarinnar (d. kan have betydning). Í 4. gr. er kveðið á um skyldu annarra stjórnvalda til að afhenda PET þær upplýsingar sem geta verið mikilvægar til að koma í veg fyrir eða rannsaka framangreind brot. Skv. 5. gr. laganna er PET heimilt að framkvæma eins konar frumkvæðisathuganir (d. undersøgelser) á einstaklingum og lögðaðilum sem talið er að geti verið mikilvægar (d. må antages at have betydning) fyrir starfsemi stofnunarinnar. Í 6. gr. laganna segir að um sakamálarannsóknir og beitingu þvingunarúrræða fari eftir ákvæðum sakamálalaga.

Um vinnslu persónuupplýsinga hjá PET fer eftir ákvæðum 5. kafla laganna, en skv. 7. gr. laganna er stofnuninni heimilt að vinna sérhverjar persónuupplýsingar sem talið er að geti verið mikilvægar fyrir starfsemi hennar. Í 8. gr. laganna er að finna sams konar heimild um vinnslu upplýsinga um lögaðila. Nánari ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga er að finna í 9. gr. og 9. gr. a laganna og ákvæði um miðlun persónuupplýsinga í 6. kafla laganna, þ.e. í 10. gr.

Í 9. kafla laganna er kveðið á um sérstakt eftirlit með starfsemi stofnunarinnar sem er í höndum sjálfstæðu eftirlitsnefndarinnar Tilsynet med etterretningstjenerne (TET). Í nefndinni sitja fimm fulltrúar skipaðir af dómsmálaráðherra í samráði við varnarmálaráðherra og skal formaður nefndarinnar vera starfandi dómari sem tilnefndur er af forseta landsréttar. Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að tryggja að stofnunin starfi eftir lögum og viðeigandi reglum, annaðhvort í formi frumkvæðisathugana eða í kjölfar kvartana sem nefndinni berast. Í þeim tilgangi getur nefndin óskað eftir öllum þeim gögnum og upplýsingum sem hún þarf að halda til að sinna eftirlitinu.

Til viðbótar við hið sérstaka eftirlit TET er PET undir ákveðnu eftirliti dómsmálaráðherra, enda starfsemi stofnunarinnar á ábyrgð hans, auk þess sem stofnunin heyrir undir eftirlit þingnefndar um störf á vegum öryggisþjónustu. Nefndin er skipuð fimm þingmönnum og hefur m.a. eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga á vegum stofnunarinnar. Þá starfrækir stofnunin einnig sérstakt innra eftirlit.

2.2.3. Noregur.

Politiets sikkerhetstjeneste (PST) er öryggisþjónusta á vegum norsku löggreglunnar og hefur það hlutverk að koma í veg fyrir og rannsaka brot gegn öryggi ríkisins. Um starfsemi PST fer eftir kafla III. a í norsku löggreglulgum, en ákveði hans eru einnig náar útfærð í hinni svonefndu PST-reglugerð frá árinu 2005. Mælt er fyrir um hlutverk PST í ákvæðum 17. gr. b og c, en samkvæmt þeim er stofnuninni m.a. falið að koma í veg fyrir og rannsaka landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins, auk þess sem henni ber að vinna áhættumöt og eiga samstarf við lögregluyfirvöld erlendis.

Heimildir PST til aðgerða byggjast á almennum ákvæðum löggreglulaga og sérákvæðum þeirra um þvingunarúrræði sem stofnuninni er heimilt að beita í þágu afbrotavarna. Heimildir til upplýsingasöfnunar eru taldar leiða af lögþundun hlutverki PST og löggreglunnar almennt. Á þeim grundvelli er lögreglu heimilt að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru hverju sinni og er í því sambandi stuðst við ákveðnar ólögfestar aðferðir (n. ulovfesta metodar) til upplýsingaöflunar. Er þá fyrst og fremst verið að vísa til þess að lögreglu sé heimilt að afla allra nauðsynlegra upplýsinga sem finna má á opinberum vettvangi (n. i det offentlege rommet). Að því er varðar starfsemi PST er þessi heimild að nokkru útsærð í 5. gr. reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um að stofnunin skuli m.a. sinna hlutverki sínu með því að afla, greina og miðla upplýsingum í samræmi við forgangsröðun hverju sinni.

Í 17. gr. d löggreglulaga er mælt fyrir um þau þvingunarúrræði sakamálalaga sem PST er heimilt að grípa til í þágu afbrotavarna í tengslum við brot gegn öryggi ríkisins. A meðal þeirra er heimild til húsleitar, halldagningar og rafræns eftirlits, hvort sem er með myndavélabúnaði, eftirfararbúnaði eða öflun gagna úr fjarskiptabúnaði auk heimildar til að hlusta á fjarskipti. Skilyrði fyrir beitingu úræðanna er að þau muni veita upplýsingar sem mikilvægar eru (n. vesentlig betydning) til að koma í veg fyrir tiltekið afbrot. Þá verður þeim aðeins beitt að undangengnum úrskurði dómara. Í undantekningartilvikum er lögreglu þó heimilt að grípa til úræðanna án dómsúrskurðar, þ.e. þegar viðkomandi aðgerð polir ekki bið. PST verður hins vegar að bera aðgerðina undir dómistóla til staðfestingar eins fljótt og unnt er og eigi siðar en innan 24 tíma.

Á vegum þingsins starfar nefndin Stortingets kontrollutvalg for etterretnings-, overvåkings- og sikkerhetstjeneste (kölluð EOS-nefndin) og hefur eftirlit með starfsemi allra framangreindra stofnana. Nefndin starfar á grundvelli sérlagta (EOS-kontrollloven). Í nefndinni sitja sjö fulltrúar sem allir eru skipaðir af þinginu. Nefndin er að öllu leyti sjálfstæð í sínum

7 í vinnslu – 20. október 2022

september 2022 til september 2022

störfum og geta þingmenn ekki átt sæti í nefndinni. Eftirlit nefndarinnar er þriðið; vettvangs-skóðanir, meðferð kvartana og frumkvæðisathuganir. Nefndin getur ekki gefið einstökum stofnumnum bindandi fyrirmæli heldur aðeins ráðgefandi álit, t.d. um að eyða tilteknum upplýsingum. Þá skilar nefndin reglulegum skýrslum til þingsins, þar sem m.a. er fjallað um lagahumverfi stofnananna og lagðar fram tillögur að breytingum. Til viðbótar við hið sérstaka eftirlit EOS-nefndarinnar heyra stofnanir undir almennt eftirlit, t.d. ráðherra og embættis rikis-saksóknara, auk þess sem PST starfrækir innra eftirlit.

2.3. Nauðsyn þess að efla afbrotavarnir löggreglu.

Af framgreindri umfjöllun verður ráðið að stofnanauppbrygging og lagaheimildir löggreglu á svíði afbrotavarna eru mun takmarkaðri hér á landi samanborið við nágrennaríki. Með frumvarpi þess er ætlunin að taka skref í þá átt að efla getu löggreglu á þessu svíði. Markmið þess er að löggæslufirvöld geti framvegis unnið markvisst að aðgerðum í þágu afbrotavarna á grundvelli skýrt afmarkaðra lagaákvæða sem veita fullnægjandi stoð fyrir öflun og greiningu upplýsinga auk þess að gera löggreglu kleift að viðhafa tiltekið eftirlit þegar nauðsyn ber til. Er einkum horft til þess að efla getu löggreglu til að koma í veg fyrir skipulagða brotastarfsemi og önnur brot sem beinast gegn öryggi ríkisins. Í samræmi við frumkvæmd annars staðar á Norðurlöndum er sérstaklega hugað að því að auknum heimildum á þessu svíði fylgir aukin ábyrgð og er því mælt fyrir um í frumvarpinu að nefnd um eftirlit með löggreglu hafi eftirlit með tilteknum aðgerðum löggreglu í þágu afbrotavarna.

3. Meginnefni frumvarpsins.

3.1. Ákvæði um meðferð vopna hjá löggreglu.

Frumvarpinu er ætlæd að lögfesta tiltekin grundvallarákvæði í gildandi reglum um valdbitingu lögreglumannna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna frá árinu 1999 sem birtar voru fyrst opinberlega með auglýsingu nr. 156/2015. Reglur þessar voru settar á grundvelli 1. mgr. 3. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, er kveður á um að ráðherra setji sérstakar reglur um vopn í eigu löggreglu.. Talið er eðlilegt og ákjósanlegt að kveðið sé á um meðferð og notkun vopna í löggreglulögum og reglum settum á grundvelli þeirra frekar en í vopnalögum. Ekki er því um efnislegar breytingar að ræða á reglum sem gilda um þau vopn sem löggreglu er heimilt að nota og hvernig meðferð þeirra er háttar heldur er fyrst og fremst verið að flytja lagastoð reglnanna yfir í löggreglulög.

3.2. Upplýsingamiðuð löggregla.

Í frumvarpinu er skýrt kveðið á um að löggreglu sé heimilt að nota þær upplýsingar sem hún býr yfir á hverjum tíma til greininga í þágu afbrotavarna. Með því er skýrri lagastoð skotið undir núverandi greiningarstarf löggreglu sem fram fer í afbrotavarnarskyni og grundvöllur lagður fyrir innleiðingu á svonefndri upplýsingamiðaðri löggregla. Á síðustu tveimur áratugum hefur upplýsingamiðuð löggregla sifelt mikilvægari hluti af starfi löggreglufirvalda á Vesturlöndum. Upplýsingamiðuð löggregla leggur áherslu á skipulega og vírka upplýsingaöflun og greiningar sem grundvöll áætlanar og ákvarðana löggreglu um forgangsatriði og frumkvæðisverkefni. Sterkur upplýsingagrunnur og góð greiningarvinna eru mikilvægar forsendur áhrifaríkra afbrotavarna. Upplýsingamiðuð löggregla stuðlar einnig að formlegu samstarfi lykilstofnana, m.a. með því að helstu samstarfsstofnanir miðli upplýsingum um ætlaða brotastarfsemi til löggreglu svo að löggregla hafi skýra yfirsýn hverju

sinni og geti gert faglegar áætlanir um aðgerðir eða rannsóknir. Slík samvinna er forsenda árangurs aðgerða gegn alvarlegum afbrotum og skipulagðri brotastarfsemi.

Með lögum nr. 50/2021, um breytingu á löggreglulögum, lögum um dómstóla og lögum um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í heraði (eftirlit með löggreglu, löggregluráð o.fl.), var kveðið á um auknar heimildir til upplýsingaskipta á milli löggreglu og annarra stjórnvalda sem og einkaaðila. Með frumvarpi þessu er mælt fyrir um að löggreglu sé í þágu afbrotavarna heimilt að nýta, þ.m.t. til greiningar, allar þær upplýsingar sem hún býr yfir og aflar í löggæslutilgangi. Með þessum breytingum verður því skýr lagastoð fyrir innleiðingu upplýsingamiðaðrar löggæslu hér á landi en frumvarpið mælir einnig fyrir um að greiningardeild ríkislögreglustjóra skuli sinna upplýsingaöflun og greningum í þágu afbrotavarna á landsvísu, m.a. með rekstri miðlægs gagnagrunns. Ætla má að skipulögð innleiðing upplýsingamiðaðrar löggæslu fari fram á næstu árum.

3.3. Öflun upplýsinga og eftirlit með fólk og stöðum.

Frumvarpinu er m.a. ætlað að skerpa á heimildum löggreglu til að afla upplýsinga og viðhafa eftirlit í því skyni að draga úr brotastarfsemi. Líkt og að framan greinir byggjast gildandi heimildir á almennum ákvæðum löggreglulaga auk ákvæða í sérþögum á borð við lög um útlendinga, vopnalög og lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Er því talið nauðsynlegt að umræddar heimildir séu útfærðar eins skýrt og unnt er í lögum, einkum með hliðsjón af því að þær kunna að takmarka stjórmarskrárvarin réttindi einstaklinga um friðhelgi einkalífs.

Annars vegar er mælt fyrir um heimild löggreglu til að afla upplýsinga í þágu afbrotavarna við framkvæmd almennra löggæslustarfa og frumkvæðisverkefna, þar á meðal samskipti við uppljóstrara, eftirlit á almannafær og vöktun vefsíðona sem opnar eru almennungi. Er gert ráð fyrir að sílkt eftirlit verði nánar útfärt í reglugerð þar sem m.a. verði kveðið á um að það geti farið fram með rafrænni vöktun enda starfrækir löggregla nú þegar viðtækt kerfi eftirlitsmyndavéla í löggæslutilgangi. Í ljósi þeirrar örur þróunar sem hefur orðið á brotastarfsemi af ýmsu tagi á netinu er jafnframt gert ráð fyrir að löggreglu verði heimilt að fylgjast með og skrá upplýsingar um það sem birtist á vefsíðum sem opnar eru almennungi að öllu leyti eða hluta, þ.m.t. á samfélagsmiðlum.

Hins vegar er löggreglu veitt heimild til að viðhafa sérstakt eftirlit með einstaklingum sem hafa tengsl við skipulagða brotastarfsemi eða sem af kann að stafa sérgreind hætta fyrir almannaoryggi. Nauðsynlegt er að löggregla geti viðhaft sílkt eftirlit þegar upplýsingar liggja fyrir um að tiltekinn einstaklingur kunni að fremja alvarlegt afbrot. Í ljósi þess að frumvarpið veitir löggreglu heimild til að viðhafa eftirlit með einstaklingum án þess að þeir séu grunaðir um að hafa framið afbrot er heimildin takmörkuð við einstaklinga sem hafa tengsl við skipulagða brotastarfsemi eða sem af stafi sérgreind hætta fyrir almannaoryggi. Jafnframt er heimildin háð því skilyrði að lögreglustjóri taki sérstaklega ákvörðun um að viðhafa eftirlit, auk þess sem nefnd um eftirlit með löggreglu er falið að hafa eftirlit með aðgerðum af þessu tagi.

3.4. Aðgerðir til að koma í veg fyrir brot gegn öryggi ríkisins.

Í frumvarpinu er fjallað sérstaklega um heimildir í þágu afbrotavarna er varða öryggi ríkisins. Er þannig skerpt á hlutverki greiningardeildar ríkislögreglustjóra með því að kveða sérstaklega á um að deildin skuli vinna að því að koma í veg fyrir brot sem ógnað geta öryggi ríkisins. Þá er löggreglu veitt heimild til að óska eftir upplýsingum frá öðrum stjórnvöldum í

þeim tilvikum þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir eða rannsaka þau brot sem deildin hefur forræði yfir.

Lög um meðferð sakamála heimila beitingu ýmissa þvingunarúrræða í þágú sakamálarannsókna. Engum þeirra er þó heimilt að beita í þágú afbrotavarna á grundvelli löggreglulaga. Með sama hætti og nauðsynlegt getur verið að tjúfa friðhelgi einstaklinga í þágú rannsóknar sakamáls má fára rök fyrir því að upp geti komið þær aðstæður sem réttlæti sambærilegt inngríp til að koma í veg fyrir fyrirhugað afbrot. Hafi lögregla t.d. upplýsingar um einstakling sem talið er að stafi hætta af fyrir almannáöryggi, svo sem vegna tengsla við alþjóðleg hryðjuverkasamtök, standa þjóðfélagslegir hagsmunir ekki síður til þess að lögregla geti krafist dómsúrskurðar til að afla tiltekinna upplýsinga um viðkomandi í því skyni að astýra afbroti. Rökin fyrir slíkri heimild byggjast á því hve alvarlegar afleiðingarnar geta verið af hugsanlegu broti, eins og af hryðjuverki, og þar af leiðandi er réttlætanlegt að gripa inn í atburðarásina mun fyrir. Beiting þvingunarúrræða í þágú afbrotavarna er þó ávallt annars eðlis en þegar þeim er beitt í þágú sakamálarannsókna, enda beinast úrræðin að einstaklingum sem lögregla hefur ekki rökstuddan grun um að hafi framið afbrot. Með hliðsjón af þessu er í frumvarpinu kveðið á um afar takmarkaða heimild lögreglu til að grípa til beitingu þvingunarúrræða í afbrotavarnarskyni. Nánar tiltekið verður lögreglu heimilt að krefjast dómsúrskurðar um halldagningu og öflun gagna sem eru í vörlum þrója aðila í því skyni að koma í veg fyrir skíputagða brotarstærseimi og brot gegn X. og XI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Um er að ræða sams konar heimild og er að finna í 68. og 69. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, sem tekur þó aðeins til muna og upplýsinga í eigu eða vörlum þrója aðila. Lögreglu verður t.d. heimilt að afla upplýsinga frá viðskiptabönkum og öðrum fjármálfyrirtækjum. Heimildin er bundin ströngum skilyrðum að því leyti að henni verður aðeins beitt til að koma í veg fyrir brot sem varða almannáöryggi og einungis í þeim tilvikum þegar upplýsingar sem krafist er hafa verulega þýðingu fyrir aðgerðir lögreglu og ríkir almannar - eða einkahagsmunir krefjast þess. Þá er nefnd um eftirlit með lögreglu einnig falið að hafa eftirlit með beitingu þessa úrræðis.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í ljósi þess að frumvarpið mælir fyrir um tilteknar aðgerðir og heimildir til handa lögreglu, sem kunna að skerða stjórnarskrárvinn rétt einstaklinga til friðhelgi einkalifs var sérstök hliðsjón höfð af ákvæðum 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Í samræmi við skilyrði þeirra er frumvarp þetta samið til að skýra heimildir lögreglu á grundvelli löggreglulaga til að hafa afskipti af borgurunum í því skyni að koma í veg fyrir afbrot. Hugað var sérstaklega að því að slíkar heimildir yrðu að vera skýrt afmarkaðar og gengju ekki lengra en nauðsynlegt væri.

Þá er mælt fyrir um að nefnd um eftirlit með lögreglu hafi eftirlit með þeim aðgerðum sem ganga næst friðhelgi einstaklinga auk þess sem heimild lögreglu til að haldleggja muni og gögn í þessu skyni er bundin við úrskurð dómtóla án nokkurra undantekninga.

Að öðru leyti hefur frumvarpið hvorki gefið sérstakt tilefni til að meta samræmi þess við stjórnarskrá né aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Við vinnslu frumvarpsins var haft samráð við ríkislöggreglustjóra, ríkissaksóknara, löggregluembættin og héraðssaksóknara. Var þessum aðilum gefinn kostur á að skila inn skriflegum athugasemendum við drög að frumvarpinu. Athugasemdir bárust frá embætti

ríkislögglustjóra, ríkissaksóknara og félagi löggreglustjóra og var tekið tillit til þeirra við gerð frumvarpsins.

Drög að frumvarpi þessu voru birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is frá 8. mars til 22. mars 2022 (mál nr. S-57/2022). Umsagnir bárust frá Landssambandi löggreglumanna, Íslandsdeild Amnesty International, Lögmannafélagi Íslands, Persónuvernd og einum einstaklingi. Landssamband löggreglumanna fagnar frumkvæði dómsmálaráðherra í málinu, styður frumvarpið og telur brýnt að þær réttarúrbætur sem það felur í sér nái fram að ganga. Í umsögn Íslandsdeilda Amnesty International er ekki talið að frumvarpið uppfyllti skilyrði þeirra mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að og hefur fullgilt og eru stjórnvöld hvött til að gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu í samræmi við umrædds skilyrði. Í umsögninni er hins vegar ekki nánar tiltekið með hvaða hætti einstök efnisatriði frumvarpsins fari gegn tilteknum ákvæðum framangreindra mannréttindasamninga og var því ekki unnt að bregðast við umsögninni með breytingum á frumvarpinu sem náð gætu tilætluðum árangri. Í umsögn samtakanna koma þó fram ýmis sjónarmið sem mikilvægt er að hafa hliðsjón af við meðferð frumvarpsins og framkvæmd þess, verði það að lögum. Í umsögn lögmannafélagsins er bent að ýmiss atriði sem talið er að leiða eigi til þess að frumvarpið verði skoðað betur og í umsögn Persónuverndar hnykkkt á mikilvægi þess að virkt eftirlit sé með aðgerðum löggreglu, m.a. með aðkomu stofnunarinnar. Tekið var tillit til umsagna þessara við meðferð frumvarpsins og verður sérstök hliðsjón höfð af þeim við vinnslu reglugerðar á grundvelli ákvæða frumvarpsins, verði það að lögum. Í umsögn frá einstaklingi er lögð áhersla á hættuna á því að frumvarpið geti skapað freistivanda fyrir löggreglu.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið mun hafa áhrif á heimildir löggreglu til að viðhafa aðgerðir í þágu afbrotavarna. Mun starf löggreglu á þessu sviði byggjast á ítarlegri lagaákvæðum en nú gilda, þ.e. ákvæðum sem setja löggreglu skýr mörk og veita vissu um að athafnir hennar séu lögmætar hverju sinni. Ætluð áhrif þessa er aukin geta löggreglu til að stemma stigu við afbrotum, einkum að draga úr umfangi skipulagðrar brotastarfsemi og hvers kyns afbrotum sem framin eru á netinu. Þá er frumvarpið til þess fallið að efla öryggishlutverk löggreglu og getu til að koma í veg fyrir brot sem beinast gegn öryggi ríkisins. Likt og að framan greinir kann frumvarpið að skerða friðhelgi einkalífs þeirra borgara sem munu sæta aðgerðum löggreglu á sviði afbrotavarna. Við samningu frumvarpsins var því sérstaklega gætt að því að ákvæði þess uppfylltu þau skilyrði sem 71. gr. stjórnarskráinnar kveður á um og varða skerðingu á einkalífi manna.

Þá mun frumvarpið hafa nokkur áhrif á störf nefndar um eftirlit með löggreglu þar sem henni er falið það hlutverk að hafa eftirlit með aðgerðum löggreglu í þágu afbrotavarna og er það í samræmi við stefnu stjórnvalda um að efla og endurskoða bæði sjálfstætt innra og ytra eftirlit með störfum löggreglu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að lögfesting þess hafi fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð eða sveitarfélögum.

Frumvarpinu er m.a. ætlað að efla heimildir löggreglu til að sporna gegn skipulagðri brotastarfsemi og hvers kyns afbrotum sem framin eru á netinu. Á meðal slíkra brota má nefna mansal og stafrænt kynferðisofbeldi. Af eðli þessara brota sem og útgefinni tölfræði löggreglu má ráða að mikill meiri brotaþola eru konur og að sama skapi er mikill hluti grunaðra í þeim málaflokki karlkyns. Þótt frumvarpið veiti þannig einstaklingum óháð kyni réttarvernd bykir ljóst af tilkynningum til löggreglu og málum sem til rannsóknar hafa verið að í framkvæmd muni það styrkja réttarvernd kvenna sérstaklega.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í b-lið 2. mgr. 5. gr. laganna er hlutverki greiningardeilda lýst á þann hátt að ríkislögreglurstjóra beri að starfrækja lögreglurannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Lögin fela hins vegar ekki greiningardeild ríkislögreglustjóra það hlutverk að koma beinlinis í veg fyrir þessi sömu brot. Vert er að bera ákvæðið saman við sambærileg ákvæði í dönskum og norskum lögum um PET og PST, en í 1. gr. PET-laganna og 17. gr. a norsku lögreglugagna er þessum stofnunum sérstaklega falið það hlutverk að koma í veg fyrir þau brot sem þær fara með rannsókn á. Þrátt fyrir að leið megi slikt hlutverk af ákvæðum b-liðar 2. mgr. 1. gr. og b-liðar 2. mgr. 5. gr. laganna verður að telja að með því að kveða skýrt á um hlutverk deildarinnar að þessu leyti í lögum styrki það um leið heimildir hennar til aðgerða og veiti ákvæðum reglugerðar nr. 404/2007 skýrari lagastoð. Er með þeim hætti tekinn af allur vaf um að greiningardeildin fari með hið mikilvæga hlutverk sem felst í fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg brot gegn öryggi ríkisins.

Með vísan til þess sem að framán greinir um innleiðingu á upplýsingamiðaðri löggæslu er lagt til að í síðari málsl. b-liðar verði kveðið á um það hlutverk deildarinnar að sinna upplýsingaöflun og greiningum í þágu afbrotavarma á landsvísu, m.a. með rekstri miðlægs gagna-grunns. Deildin verður þannig öðrum lögregluembættum til aðstoðar í frumkvæðisvinnu á þessu svíði, m.a. með því að útbúa og dreifa stefnu- og aðgerðamiðuðum greiningum. Áfram er þó gert ráð fyrir því að einstök embætti sinni greiningarvinnu eftir getu og þörfum.

Um 2. gr.

Með ákvæði þessu er kveðið á um lagastoð í lögreglulögum fyrir gildandi reglur um valdbeitingu lögreglumannna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna frá árinu 1999, sem birtar voru fyrst opinberlega með auglýsing nr. 156/2015. Ær talið eðlilegt og ákjósanlegt að ákvæði um meðferð og notkun vopna sé að finna í lögreglulögum og í reglum settum á grundvelli þeirra, en ekki aðeins í vopnalögum. Ekki er því um efnislegar breytingar að ræða á reglum sem gilda um þau vopn sem lögreglu er heimilt að nota og hvernig meðferð þeirra er háttáð, heldur er fyrst og fremst verið að veita þeim skýra stoð í lögreglulögum.

Í 1. efnismálgrein er kveðið á um að lögreglustjórar geti gefið fyrirmæli um að lögreglumenn skuli vopnast í samræmi við gildandi reglur um meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Er rétt talið að meginreglan um að lögreglustjórar ákvæði og beri ábyrgð á því hvenær og við hvaða aðstæður lögreglumann skuli vopnast komi skýrt fram í lögum. Ákvæði þessa efnis er nú aðeins að finna í framangreindum reglum.

Í 2. efnismálgrein er kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um valdbeitingu lögreglumannna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna hjá lögreglu. Núgildandi reglur frá árinu 1999 munu þannig fá lagastoð í ákvæði þessu til viðbótar við ákvæði 1. mgr. 3. gr. vopnalaga, nr. 16/1998.

Í 3. efnismálgrein er að lokum mælt fyrir um að ríkislögreglustjóri setji verklagsreglur og leiðbeiningar um nauðsynlegar áætlunar lögregluliða varðandi viðbúnað með vopnum.

Um 3. gr.

Um a-lið. Í greininni er mælt fyrir um þær aðgerðir sem lögreglu er heimilt að grípa til í þágu afbrotavarma. Um er að ræða frekari útfærslu á hlutverki lögreglu skv. a- og b-lið 2. mgr.

1. gr. laganna en tekið skal fram að ekki er um tæmandi talningu að ræða, enda verða þær aðgerðir sem lögregla kann að grípa til í því skyni að stemma stigu við afbrotum ekki skilgreindar að fullu í lögum.

Í 1. mgr. er kveðið á um að lögreglu sé heimilt, í því skyni að stemma stigu við afbrotum, að nýta, svo sem til greiningar, allar þær upplýsingar sem hún býr yfir eða aflar við framkvæmd almennra löggæslustarfá og frumkvæðisverkefna, þar á meðal samskipti við uppljóstrara, eftirlit á almannafærri og vöktun vefsíðona sem opnar eru almenningu. Likt og greinir í kafla 3.2 er ákvæði þessu annars vegar ætlað veita skýra lagastoð fyrir núverandi greiningarvinnu lögreglu sem og innleiðingu og framkvæmd upplýsingamiðaðrar löggæslu hér á landi. Nauðsynlegt er að lögregla geti notað þær viðamiklu upplýsingar sem hún aflar í daglegum störfum sínum í þeim tilgangi að astýra afbrotum. Í upplýsingakerfum og gagnasöfnnum lögreglu er að finna upplýsingar um brotarstarfsemi sem nýtast ekki aðeins við rannsóknir sakamála heldur eru einnig mikilvægar sem andlag greiningar og upplýsingamiðaðra afurða sem lögregla getur nýtt í frumkvæðisvinnu á svíði afbrotavarna. Öll greining upplýsinga og notkun þeirra í þessu skyni verður sem endranært að uppfylla skilyrði og vera í samræmi við ákvæði laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

Hins vegar er ákvæðinu ætlað að skýra heimildir lögreglu til að afla upplýsinga í þágu afbrotavarma. Eðli mál samskvæmt verða aðferðir við slika upplýsingaöflun ekki tæmandi taldar í lögum og er upptalning í ákvæðinu því einkum sett fram til skyringar og til að áréttu lögmati viðkomandi aðgerða. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að aðgerðir lögreglu samkvæmt ákvæði þessu verði nánar útfærðar í reglugerð skv. nýrr 15. gr. b.

Með eftirliti í skilningi ákvæðisins er m.a. átt við eftirlit lögreglu á skilgreindum svæðum þar sem talin er aukin hætta á afbrotum og þar sem lögregla hefur vitneskjú eða vísbindingu um að einstaklingar með tengsl við skipulögð brotasamtök komi saman, t.d. í nágrenni við félagsheimili slíkra samtaka eða önnur afmörkuð svæði. Gert er ráð fyrir að almennt eftirlit af þessu tagi geti farið fram með rafrænni vöktun. Óumdeilt er að lögreglu er heimilt samkvæmt lögum að viðhafa rafræna vöktun í löggæslutilgangi enda hefur um langt skeið verið starfrækt viðtækt kerfi eftirlitsmyndavéla sem hefur lykilhlutverki að gegna við að koma upp um og rannsaka afbrot. Er lögreglu því þegar heimilt að afla upplýsingar með rafrænni vöktun í þessu skyni en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um slika vöktun. Í bigerð er hjá lögreglu að efla til muna umrætt kerfi sem mun fela í sér aukinn fjölda myndavéla, miðlægan rekstur og samkeyranleika á milli einstakra embætta, auk þess sem teknað verða í notkun sértekar myndavélar sem geta lesið og greint skráningarnúmer bifreiða. Geta lögreglu til að beita rafrænni vöktun í þágu afbrotavarma mun því aukast verulega og er frumvarpi þessu ætlað að styrkja lagastoð fyrir óflun og nýtingu upplýsinga sem verða til við notkun kerfisins.

Í ljósi þess hve brotarstarfsemi á netinu hefur aukist mikið er einnig kveðið skýrt á um að lögregla hafi heimild til eftirlits á veraldarverfnum.

Eftirlit samskvæmt ákvæði þessu skal þó ávallt vera almenns eðlis, þ.e. það skal beinast að tilteknu svæði eða óafmörkuðum hópi fólks. Við slikt almennt eftirlit getur þó komið til þess að lögregla telji þörf á að veita tilteknun einstaklingi eða einstaklingum nánari athygli í skamman tíma, t.d. til að staðreyna grun um afbrot. Er þá lögreglu heimilt að viðhafa tíma-bundið og óslitið eftirlit með viðkomandi, sem jafnframt fellur undir almennt eftirlit samskvæmt ákvæði þessu og sætir því ekki þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. enda þess eðlis að vera hluti af almennu starfi lögreglu á svíði afbrotavarna. Hér er m.a. verið að vísa til tilvika er lögregla verður vör við grunsamlega háttsemi í eftirlitsmyndavél og fylgir í kjölfarið einstaklingi eftir um skamman tíma í eftirlitsmyndavélakerfi til að staðreyna eða útiloka grun

um afbrot. Hið sama gildir þegar löggregla viðhefur eftirlit á tilteknu svæði, hvort sem það er framkvæmt af einkennisklæddum eða óeinkennisklæddum löggreglumönnum.

Ákvæði 2. mgr. kveður á um nánara og sértaekara eftirlit en að framan greinir að því leyti að það beinist að tilteknun einstaklingi eða skilgreindum hópi einstaklinga og er viðhaft um lengri tíma. Auk þess að löggregla geti heitt aðferðum þeim sem greinir í 1. mgr. felur ákvæðið í sér heimild fyrir löggreglu að fylgjast með ferðum einstaklings á almannafærri eða öðrum stöðum sem almenningur á aðgang að. Af þessu leiðir að löggregla getur viðhaft nokkuð ítarlegt eftirlit með viðkomandi á þeim stöðum sem löggregla hefur almennt aðgang að og jafnvel veitt viðkomandi eftirför á milli staða. Er hér um að ræða aðgerð sem almennt er nefnd skygging og hefur það að markmiði að staðreyna grun um afbrot. Ær gert ráð fyrir að við beitingu þessa úrræðis sé löggreglu heimilt að taka ljósmyndir og kvíkmyndir án þess að þeir sem í hlut eigi viti af því. Löggregla skal þó aldrei viðhafa ítarlegra eftirlit en nauðsynlegt er hverju sinni og gæta þess að ekki sé gengið nær friðhelgi viðkomandi en tilefni er til hverju sinni.

Þar sem eftirlit af þessu tagi er sértaekt í þeim skilningi að það beinist að ákvæðum aðilum, einum eða fleiri, er kveðið á um að beiting þess sé háð ákvæðum skilyrðum. Eftirliti verður þannig aðeins heitt hafi löggregla upplýsingar um að tiltekinn einstaklingur eða hópur einstaklinga hafi tengsl við skipulögð brotasamtök eða að af þeim stafi sérgreind hætta fyrir almannaoryggi. Löggregla verður því að búa yfir tilgreindum upplýsingum sem veita henni vísbendingu um slíkt, hvort sem upplýsingarnar verða til við almenn störf löggreglu eða vegna ábendinga annars staðar frá, t.d. frá almennum borgurum, uppljóstrara eða erlendum löggæslu-yfirvöldum. Gera verður þá kröfu að löggregla reyni eftir mesta megni að staðreyna upplýsingar áður en ákvörðun um að viðhafa eftirlit er tekin og að slík ákvörðun verði aðeins tekin séu upplýsingar taldar áreiðanlegar. Með tengslum við skipulögð brotasamtök er vísað til hugtaks eins og það er skilgreint í 175. gr. a almennum hegningará lagi, nr. 19/1940, og má ætla að upplýsingar séu til staðar um virka þátttöku viðkomandi í slíkum samtökum án þess þó að grunur þurfi að vera um refsiverða hattsemi af hans hálfu. Að sérgreind hætta stafi af einstaklingi fyrir almannaoryggi er átt við að löggregla hafi upplýsingar sem gefa til kynna auknar líkur á því að hann kunní að fremja alvarlegt brot sem varðar almannaoryggi. Sem dæmi um slíkt má nefna einstakling sem sýnt er fram á að hafi tengsl við alþjóðleg hryðju-verkasamtök eða sem vísbending er um að hætta stafi af vegna þess að hann aðhyllist öfgakenna hugmyndarfræði sem vitað er að leitt geti af sér ofbeldis- og voðaverk. Gildissvið ákvæðisins er prengt verulegu með þessum skilyrðum og verður ákvæðinu þar af leiðandi ekki beitt við hefðbundnar aðgerðir í þágu afbrotavarna heldur aðeins þegar þær varða skipulagða brotastarfsemi og önnur alvarleg afbrot sem hætta er að verði framin.

Í annan stað verður úrræði þessu aðeins beitt að undangenginni ákvörðun löggreglustjóra eða annars yfirmanns samkvæmt ákvörðun löggreglustjóra. Það er því á ábyrgð löggreglustjóra hverju sinni að ákvörðun um að viðhafa eftirlit með einstaklingi uppfylli skilyrði ákvæðisins. Þá er tiltekið að ekki skuli viðhafa eftirlit lengur en nauðsynlegt er en leiði eftirlit til gruns um afbrot skal rannsókn fara fram samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Við skýringu og beitingu þessa ákvæðis er mikilvægt að hafa í huga hvernig skórur er háttar að milli löggregulaga og laga um meðferð sakamála. Eftirlit af þessu tagi verður aðeins viðhaft gagnvart einstaklingi sem löggregla hefur ekki enn grun um að hafi framtíð tiltekið afbrot en upplýsingar eru um að ákvæðin hætta stafi af í skilningi ákvæðisins. Það þýðir einnig að ekki sé grunur um að viðkomandi hafi viðhaft nokkra hattsemi sem kann að fela í sér undirbúning fyrir afbrot enda væri þá til staðar grunur um tilraun til brots í skilningi 52. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Löggreglu ber því að hætta eftirliti samkvæmt ákvæði

þessu þegar slíkur grunur er fyrir hendi og beita þeim úrræðum sem lög um meðferð sakamála heimila, þar á meðal aðgerðum á grundvelli reglugerðar nr. 516/2011 um sérstakar aðferðir og aðgerðir löggreglu við rannsókn sakamála. Sakamálarannsókn getur miðað að því að koma í veg fyrir fullframningu brots eða tryggja handtöku sakborninga um leið og brot er fullframið. Er þessi háttur t.d. almennt hafður á við rannsókn meiri háttar fikniefnabrota. Skilin á milli löggaæsluaðgerða sem framkvæmdar eru í afbrotavarnarskyni og rannsóknaraðgerða á grundvelli sakamálagaga geta af þessum sökum oft reynst óljós og er því mikilvægt að löggregla staðreyni eins fljótt og unnt er grun um afbrot hverju sinni.

Í 3. mgr. er kveðið á um sérstaka heimild löggreglu til að afla upplýsinga hjá öðrum stjórnvöldum og stofnunum í tengslum við rannsókn á brotum gegn X. og XI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eða til að afstýra slíkum brotum. Er viðkomandi stjórnvaldi eða stofnun skylt að verða við beiðni samkvæmt ákvæði þessu. Ákvæðið kemur til viðbótar við almennt ákvæði 11. gr. laganna er snýr að upplýsingaskiptum löggreglu við önnur stjórnvöld og einkaaðila og er ætlað að tryggja að löggregla geti aflað allra þeirra upplýsinga hjá öðrum stjórnvöldum sem þörf er að til að verjast brotum gegn öryggi ríkisins. Skilyrði fyrir því að skylda samkvæmt ákvæðinu verði virk eru að þær upplýsingar sem beðið er um hverju sinni séu nauðsynlegar og til þess fallnar að hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi deildarinnar í tengslum við rannsókn eða til að afstýra brotum gegn X. og XI. kafla almennra hegningarlaga. Til samanburðar skal nefnt að sambærilegt ákvæði gefur að finna í dönskum lögum um starfsemi PET stofnunarinnar.

Ákvæði 4. mgr. veitir löggreglu afmarkaða heimild til að beita þvingunarúrræði í því skyni að koma í veg fyrir brot gegn öryggi ríkisins. Um er að ræða heimild sem nær aðeins til haldlagningar á munum eða gögnum sem eru í vörlum þriðja aðila og er því heimildin takmarkaðri en halldagningardeimild skv. 68. og 69. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Eðlilegt er talið að afmarka heimildina á þennan hátt með vísan til þess að þær upplýsingar sem löggreglu er einna helst nauðsynlegt að afla í þessu skyni eru almennt í vörlum þriðja aðila, t.d. banka eða annarrar fjármálastofnunar. Með ákvæði þessu verður löggreglu gert kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga hjá þriðja aðila óháð þagnarskylduákvæðum í lögum. Í framkvæmd má ætla að heimild þessi geti komið til greina í tilvikum eins og þegar löggregla hefur vitneskjú um að tiltekkinn einstaklingur hafi tengsl við alþjóðleg hryðjuverkasamtök. Til að geta staðfest slikt getur löggreglu reynst nauðsynlegt að krefjast upplýsinga um fjármagnshreyfingar sem tengjast viðkomandi hjá viðskiptabanka eða annarri fjármálastofnun. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að löggreglu verði heimilt að leggja halt á muni sem eru í vörlum þess einstaklings sem sætir eftirliti enda er eðli slíkra aðgerða þess háttar að grunur þarf almennt að vera til staðar um tiltekið afbrot.

Í ljósi þess að ákvæðið veitir löggreglu heimild til að afla upplýsinga um einstakling sem ekki er grunaður um afbrot er kveðið á um að halldagning geti aðeins farið fram að undangengnum dómsúrskurði og því ekki gert ráð fyrir að samþykki þriðja aðila sé fullnægjandi. Halldagning samkvæmt ákvæði þessu er einnig bundin þeim efnisskilyrðum að aðgerðin sé nauðsynleg og líkleg til að veita löggreglu upplýsingar sem hafi verulega þýðingu fyrir aðgerðir til að koma í veg fyrir brot gegn X. og XI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, auk þess að ríkir almannanum eða einkahagsmunir krefjist þess. Hvort halldagning sé nauðsynleg er vísað til þess að henni skuli almennt ekki beitt ef önnur og vægari úrræði koma til greina sem geta skilað sambærilegum árangri. Þá verður löggregla að geta rökstutt, t.d. með framlagningu gagna, að halldagning sé líkleg til að veita löggreglu upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir yfirstandandi aðgerðir í þágu afbrotavarna. Almennt má því gera ráð

september 2022 12. september 2022

fyrir að upplýsingar sem óskað er eftir séu þungamiðjan í þeim aðgerðum sem löggregla hefur ráist í og, eftir atvikum, nauðsynlegar til að staðreyna grun um afbrot. Skilyrði um ríka almannara eða einkahagsmuni gerir þá kröfу að haldragning varði einstakling sem tengist eða talinn er hafa tengsl við mögulegan undirbúning eða framkvæmd alvarlegra afbrotu sem um er getið í X. og XI. kafla almennra hegningarárlaga. Með því er fyrst og fremst átt við að það brot sem um ræðir varði a.m.k. fimm ára hámarksfangelsisrefsingu.

Á sama hátt og gildir um eftirlit skv. 2. mgr. 15. gr. a skal rannsókn fara fram samkvæmt lögum um meðferð sakamála leiði haldragning til gruns um afbrot. Að öðrum kosti skal afléttu haldi þegar þess er ekki lengur þörf og hlutast til um að skila munum til þess sem rétt á til þeirra. Að öðru leyti skal beiðni um haldragningu lúta þeim málsmeðferðarreglum sem almennt gilda um kröfur um rannsóknaraðgerðir samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Um b-lið. Í greininni er kveðið á um að nefnd um eftirlit með löggreglu skuli hafa eftirlit með aðgerðum á grundvelli nýrrar 15. gr. a og að ráðherra skuli setja frekari reglur um aðgerðir í þágu afbrotavarna.

Ákvæði 1. mgr. mælir fyrir um að sé eftirliti skv. 2. mgr. 15. gr. a hætt án þess að grunur sé um afbrot skulu löggregla tilkynna nefnd um eftirlit með löggreglu um aðgerðina eins fljótt og unnt er, þó eigi síðar en 30 dögum eftir að eftirliti var hætt. Með sama hætti skulu löggregla tilkynna nefndinni um framlagða beiðni um haldragningu skv. 4. mgr. 15. gr. a. Tilkynningu skulu fylgia upplýsingar og rökstuðningur fyrir viðkomandi aðgerð. Í ljósi þess að verið er að veita löggreglu heimild til að hafa eftirlit með einstaklingum sem ekki eru grunaðir um afbrot er talið rétt að slíkar aðgerðir sæti nánara eftirliti en almennt gildir um störf löggreglu. Nefnd um eftirlit með löggreglu tók til starfa 1. janúar 2017 og starfar hún á grundvelli VII. kafla löggreglalaga auk þess sem reglur nr. 222/2017 gilda um starfsemi hennar. Nefndin er sjálfstæð stjórnslunefnd og er henni ætlað að taka til athugunar mál sem varða samskipti löggreglumann og annarra starfsmanna löggreglu við almenna borgara. Staða nefndarinnar að lögum fellur því vel að því hlutverki að sinna eftirliti samkvæmt ákvæði þessu. Eftirlit af hálfu nefndarinnar kemur í stað þess að löggreglu beri að tilkynna einstaklingi eftir á um að hann hafi sætt aðgerðum í þágu afbrotavarna, en ljóst er að tilkynningarskylda af því tagi væri til þess fallin að takmarka árangur og draga úr skilvirkni slíkra aðgerða. Tilkynningarskyldan er þó bundin við þau tilvik þegar eftirlit leiðir ekki til rannsóknar sakamáls, enda er gert ráð fyrir að aðgerðir löggreglu verði annars hluti af sakamálarannsókn og tilheyri þar af leiðandi gögnum viðkomandi málს.

Kveðið er á um úrræði nefndarinnar í 2. mgr. en þar segir að telji nefndin tilefni til sé henni heimilt að taka aðgerð til skoðunar á grundvelli c-liðar 1. mgr. 35. gr. a laganna og fari þá um meðferð málssins samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna eftir því sem við á. Í því felst að afstaða nefndarinnar skal ekki birt opinberlega eða komast með öðrum hætti til vitundar þess sem sætir aðgerðum, enda grunnforsenda fyrir árangri þeirra og skilvirkni að þær fari fram án vitneskju þess sem þær beinast að.

Komist nefndin að niðurstöðu um að aðgerðir löggreglu hafi ekki uppfyllt skilyrði laganna er henni heimilt að beina því til löggreglustjóra að tilkynna viðkomandi að hann hafi sætt eftirliti. Er löggreglustjóra skylt að verða við slíkum tilmælum. Með ákvæði þess er tryggt að einstaklingar hafi tók á að leita réttar síns komi til þess að löggregla hafi beitt heimild til eftirlits með ólögmætum hætti, Vakni hins vegar grunur um refsiverða háttsemi skal nefndin án tafar senda héraðssaksóknara eða ríkissaksóknara, eftir því sem við á, málid til meðferðar.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ráðherra, að höfðu samráði við löggregluráð, setji nánari reglur um aðgerðir í þágu afbrotavarna, þar á meðal um tilhögun þeirra og framkvæmd. Efnisatriði

16 í vinnslu – 20. október 2022

september 2022 / 12. september 2022

sem þörf er að kveða nánar á um í reglum ráðherra lúta m.a. að því hve lengi eftirlit getur staðið yfir, hvenær taka skuli ákvörðun um framlengingu eftirlits, rafræna vöktun, töku ljósmynda og kvíkmynda, eftirför með einstaklingum, stofnum sambands við uppljóstrara og útfærslu á eftirliti á netinu, m.a. um heimild lögreglu til að stofna notandaheiti og tölvupóstfang án þess að auðkenni lögreglu komi fram. Um sams konar aðgerðir á grundvelli laga um meðferð sakamála gilda ákvæði reglugerðar um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála. Er því vert að samræma, eftir því sem við á, verklag og skilyrði fyrir beitingu aðgerða af þessu tagi. Jafnframt er tilefni til að settar verði nánari reglur um skráningu aðgerða og eftirlit nefndarinnar með aðgerðum í págu afbrotavarna. Nauðsynlegt er að ákvarðanir um beitingu sérteikra aðgerða séu skráðar formlega í kerfi lögreglu til að tryggja rekjanleika þeirra og öryggi upplýsinga. Slik skráning er einnig forsenda þess að nefndin geti sinnt eftirliti sínu með fullnægjandi hætti og gengið úr skugga um að fjöldi tilkynntra aðgerða samræmist fjölda þeirra sem skráðar hafa verið.

Um. 5. gr.

Um er að ræða gildistökuákvæði sem þarfust ekki skýringa.